

Nafn:_____

Er þetta samþykki?

Lestu setningarnar hér fyrir neðan og merktu við **JÁ** ef manneskjan gaf samþykki en **NEI** ef manneskjan gaf ekki samþykki.

- | | | | |
|----|---|----|-----|
| 1 | Þú spyrð vin þinn: „má ég knúsa þig“ og hann svarar: „já“! | JÁ | NEI |
| 2 | Þú kitlar einhvern sem segir það vera vont eða óþægilegt. | JÁ | NEI |
| 3 | Vinkona þín tekur vatnsflöskuna þína án þess að spyrja. | JÁ | NEI |
| 4 | Einhver heldur áfram að elta þig í leik þótt þú hafir sagt stopp. | JÁ | NEI |
| 5 | Þú spyrð áður en þú tekur mynd af bekkjarfélögum. Þau segja: „allt í lagi“. | JÁ | NEI |
| 6 | Þú tekur í höndina á einhverjum án þess að spyrja fyrst. | JÁ | NEI |
| 7 | Þú spyrð: „má ég sitja hjá þér“ og færð svarið: „já, endilega“. | JÁ | NEI |
| 8 | Þú lánar kennaranum blýantinn þinn eftir að hann spyr kurteisislega. | JÁ | NEI |
| 9 | Þú snertir hárið á einhverjum án þess að fá leyfi frá þeim. | JÁ | NEI |
| 10 | Þú spyrð: „má ég fá bita af kökunni þinni“ en þú færð ekkert svar. | JÁ | NEI |
| 11 | Einhver potar í þig aftur og aftur þrátt fyrir að þú sagðir þeim að hætta. | JÁ | NEI |
| 12 | Þú spyrð einhvern hvort þú megir klappa hundinum þeirra. Þau svara: „já“. | JÁ | NEI |